Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gunnvör Magnúsdóttir

Bjarni Benediktsson – Gunnvör Magnúsdóttir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 10

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík 25 Jan 1947

Háttvirti herra Borgarstjóri:
Bjarni Benediktsson:
Ég bið yður margfaldlega afsökunar, að ég skuli vera svo djörf, að skrifa yður, sem ég þekki ekki nema að nafni til. En ástæður eru til alls, og svo er með þetta. Mig langar nefnilega til að biðja yður að vera svo elskulegan, að hjálpa mér (eða okkur við erum 4 mæðgi[n] að fá leigt húsnæði 2 herbergi og eldhús, í Nýju húsunum við Skúlagötu, sem mér hefur verið sagt, að bærinn ætti. Við búum hér í ómögulegu húsnæði, en mér var sagt í sumar, að ef ég þekkti, einhvern málsmetandi mann í bænum, þá mundi hann geta hjálpað mér að fá þanna húsnæði. Svo ég sneri mér til.
Péturs Magnússonar fjármálaráðherra, og bað hann að tala mínu máli við yður, sem ég vona hann haf[i] gert, en hann gaf mér litla von, um árangur, þóst við að það væri aðrir máske, em ver setti, en hann sagði mér að sækja um húsnæðið ef það yrði auglýst, en nú hef ég beðið síðan í sumar, og ekki séð það auglýst. En nú sagði vinkona mín mér, að ég skildi snúa mér til yðar milliliðalaust. þessvegna voga ég nú að skrifa. Með yðar góða leyfi ætla ég, að segja yður hvernig íbúðin sem við erum í, er (að (mínu áliti) Við byggum í 6 ár í snotrri, sólríkri, hlýrri íbúð 2 herbergi og eldhús og 2 geymslur. Hitaveita, svo í var dæmdi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hús svo kallaða. Húsaleigunefnd okkar, úr henni í þessa
án þess að við vissum rétta ástæðu fyrir þeim dóm
við erum reglu fólk. greiddum rétt húsaleigu og alt.
(en nágrannar segja að húseigandinn hafi þurft að fá plássið
undir danskar mublur, maður skyldi ekki trúa slúðursögum)
en þessi íbúð sem við erum í, hefur oft staðið auð mánuðum
saman. því hún er á eingan hátt mannabústaður.
hún er – 2 herbergi ekki neitt eldhús. eldað á dimmum
gangi. sem fjöldi fólks, innlent og útlent, gengur um uppá
næstu hæð. eldunar og hitunar tæki er kolavélar gamm-
lekur oft ofan af loftum, stundum í rúmin okkar
raki og mygla svo mikill. að það litið við eigum er
á nýtt, og sama og ónýtt. eingin geimsla nema lítil
kolageymsla í öðru húsi, mjög ófullkomið. Klósett dimt,
og blautt, og opið fyrir öllum. í íbúðinni er aldrei. sól,
og dagsbirta. mjög af skornum skamti, og verði manni
á að líta út um glugga. þá er útsýnið, mjög sóðalegt
þarf. Og í þessa íbúð varð ég að taka 2 lítil börn sem
dóttir mín á, hún liggur á sjúkrahúsi. (í hinu eittsinn
mjög um rædda stöllunga) mænulömunar veiki. börnin eru
1–4 ára. og það veit hamingjan að þetta er ekki
vistar vera fyrir börn, en faðir þeirra hefur ekki
getað tekið þau heim. ennþá. vegna vöntunar á
heimilis hjálp. Og ef ekki rætist úr með það
og dóttir mín. fær heilsu.. svo hún má fara heim
í nánni framtíð verð ég að taka hana

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og er það víst læpast þarsvarandlegt
Í guðs bænum, hjálpið þér okkur, að fá íbúð í
þessum nýju húsum. áður en við erum allar (3)
andlega og líkamlega veikar orðnar í þessari íbúð
eða gefið okkur að minsta kosti einhverja von.
því vonin er sváan meðan hún hjarir þótt
hún svíki á eftir. ef þér óskið að fá upplýsinga
um okkur hverskonar fólk við erum, eða annað
þá þekkir Eyjólfur Jóhannsson framkvæmdast. okkur, eða börnin mín
þau hafa unnið hjá honum, svo er líka hægt að fá
upplýsingar hjá frú Stefaníu Gísladóttir Hverfisgötu 39
hún þekkir okkur dálítið og auðvitað fleiri
svo bið ég yður margfaldlega afsökunar
á þessari dirfsku minni að skrifa yður.

Virðingarfylst

Gunnvör Magnúsdóttir
Laugaveg 33.B

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur